

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
Sími: 411-6060 / Fax: 411-6070
borgarskjalasafn@reykjavik.is
www.borgarskjalasafn.is

**Guðlaug Guðrún
Guðlaugsdóttir og Gunnar
Vilhjálmsson**

- Skjalaskrá -

Einkaskjalasafn nr. 349

Guðlaug Guðrún Guðlaugsdóttir og Gunnar Vilhjálmsson.

Guðlaug Guðrún Guðlaugsdóttir fæddist í Hafnarfirði 31. maí 1908. Hún lést á Hrafnistu í Reykjavík 30. maí 2002.

Foreldrar hennar voru Guðlaugur Jónsson verkamaður, frá Efstadal í Laugardal. Fæddur 1871, dáinn 1969 og Guðrún Jónsdóttir húsmóðir dáiin 1938. Systkini Guðlaugar voru þrjú, Ragnar, Sigurjón og Jóna Vigdís.

Guðlaug giftist árið 1929 Gunnari Vilhjálmssyni vélstjóra fæddum á Bíldudal 14. júní 1905, dáinn 15. júlí 1974. Gunnar starfaði lengi hjá Agli Vilhjálmssyni hf. sem verslunarstjóri. Egill og Gunnar voru bræður.

Guðlaug og Gunnar eignuðust sex börn. Guðlaugur Gunnar fæddur 1931. Ragnar fæddur 1933. Gyða fædd 1936. Villa fædd 1940. Gréta fædd 1945. Hildur fædd 1948. Guðlaug og Gunnar bjuggu í Reykjavík allan sinn búskap fyrst í Grjótagötu, síðan Laugavegi 118 en lengst af bjuggu þau í Hátúni 35 sem þau byggðu kringum 1940.

Þegar Gunnar lést 1974 bjó Guðlaug í Hátúni til 1976 að hún flutti í Efstaland 10 og bjó þar þangað til hún flutti á Hrafnistu í Reykjavík 14. maí 2001.

Gróa Björnsdóttir Efstalandi 10, færði safninu þessi gögn 15/10 2007.

Skjalaskrá

Askja 1

- Fæðingavottorð Guðlaugar Guðrúnar Guðlaugsdóttur, Gunnars Vilhjálmssonar og sonar þeirra Guðlaugs Gunnars.
- Vegabréf Guðlaugar og Gunnars fjögur eintök á hvort.
- Nafnskírteini Guðlaugar.
- Sjóferðabók Gunnars útgefin 12. ágúst 1920.
- Dagbók um ferðalag sem farið var í 24/8 1961 og annað 16/10 1965. Einnig ferð sem var farin 27/12 1964 vegna fráfalls Lars Kavli. Önnur bók um ferð sem var farin 21/3 1973, þriðja bókin um ferðalag sem var farið í 19/8 1971, fjórða bókin dagsett 4/5 1981 og fimmta bókin 9/9 1982. Vasadagbók fyrir árið 1983.

- Yfirvélstjóra skírteini á eimskipi fyrir Gunnar Vilhjálmsson og meðmælabréf frá h/f Hamri og Síldarbræðslunni á Sólbakka og fleirum.
- Vélstjóra prófskírteini Gunnars undirritað 30/4 1927.
- Miðsvetrarpróf 13 ára A Guðlaugur Gunnarsson.
- Fullnaðarprófskírteini Guðlaugs Gunnarssonar vorið 1945.
- Gagnfræðiprófskírteini Guðlaugs Gunnarssonar vorið 1949.
- Sundskírteini Guðlaugs Gunnarssonar undirritað 15/6 1944.
- Einkunnir Ragnar Gunnarsson í 12 ára bekk skólaárið 1945-1946.
- Bólusetningarvottorð Guðlaugar, Gunnars, Guðlaugs Gunnars og Ragnars.
- Lóðaleigusamningur vegna Hátúns 35 og virðingargjörð 1942.
- Sjónvottorð Guðlaugs Gunnars 16/8 1949.
- Bréf til Gunnars Vilhjálmssonar frá Fríðu Sigurðardóttur Brekkugerði 30.
- Vísa og reikningur.
- Þakkarkort til hjónanna Guðlaugar og Gunnars og skyggnumynd tekin af þeim 1965.
- Kort frá ýmsum stöðum og tilefnum óskrifað á þau.
- Minningarkort vegna andláts Guðlaugs Jónssonar föður Guðlaugar.
- Minningarkort vegna andláts Gunnars Vilhjálmssonar.
- Leyfi handa Guðlaugu Guðrúnu til að sitja í óskiptu búi.
- Þakkarkort vegna andláts Gunnars Vilhjálmssonar.
- Úrklippa úr Morgunblaðinu frá 7.mars 1963 er Egill Vilhjálmsson heiðrar starfsmenn sem höfðu unnið lengi hjá honum og vísur frá Jónasi Jónssyni frá Grjótheimi til Gunnars Vilhjálmssonar.
- Aðgangskort í Þjóðleikhúsið 1974-1975. Stofnskírteini Íslandsbanka og bankabók í Útvegsbanka Íslands Laugavegi 105 og kynning á verðbréfareikning Íslandsbanka.

Askja 2

- Bréf og kort frá Gunnari, Margot, Ragnari og Gunnari H.
- Bréf frá Rakel Halldórsdóttur.
- Filmur og myndir.
- Grafskriftir.
- Bréf og kort 1960-2001 og heimilisfangalisti.
- Afmæliskveðjur til Guðlaugar frá ýmsum tímum 1974-1999.
- Boðskort.
- Jólakort 1965-1983.
- Úrklippur úr dagblöðum meðal annars viðtal við Guðlaugu.
- Minningargreinar úr blöðum.
- Mappa merkt félagsþjónusta fyrir aldraða.
- Eignaskiptasamningur, ástandsskýrsla, og ársreikningar 1998-2000 fyrir Efstaland 10.
- Handbók Blindrafélagsins 1999 einnig bréf og samningur frá félaginu.
- Greiðsluseðlar frá tryggingastofnun ríkisins febrúar, mars, apríl, maí 2001.
- Upplýsingabæklingur frá Heilsugæslustöðinni í Fossvogi til hverfisbúa.
- Blaðgrein úr Travel Albuquerque Journal 4. febrúar 1990.
- Ferðakort og myndir.
- Myndir af dagatali og myndaskrá frá sýningu Jóns Gunnarssonar 1977.
- Prógram aftansöngur í Grafarvogskirkju 1995.

- Prógram burtfaratónleikar Arnars Bjarnasonar í Gerðubergi 1993.
- Prógram Jóhannes Sveinsson Kjarval sýning 1978.
- Prógram Leirlist gler textill silfur gull sýning Kjarvalsstöðum 1981.
- Prógram Fjórar árstíðir Hörður Karlsson sýning Kjarvalsstöðum 1978.
- Dagskrá að ferð til Ítalíu og Sviss.
- Kvæði *Komið nær og lítið á mig*. Þýtt úr sænsku af Þórunni Einarsdóttur.
- Jólasálmar.
- Syngjum Karl Vignir Þorsteinsson 50 ára.
- Verkefni í *Enska stíla fyrir III*. Bekk Gagnfræðiskóla (Gréta Gunnarsdóttir).
- Hlutafrámiði í Samherja 1998 og minnisblað úr húsmæðraorlofi 1987.

Skráð: Bergþóra Annasdóttir, nóvember 2007

